

**Ed.**

**747. Nefndarálit**

**[193. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-  
samþykktir, og l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á einum fundi og leggur til, að það verði samþykkt með lítils háttar breytingu. Brynjólfur Bjarnason var ekki staddur á fundi, er málið var afgreitt. Páll Zóphóníasson tók fram, að hann væri ekki alls kostar ánægður með frumvarpið, en vildi þó ekki standa í vegi fyrir framgangi þess.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. í stað orðanna „Á eftir 1. másl. 1. gr.“ komi: Á eftir 2. másl. 2. gr.

Alþingi, 14. maí 1949.

Páll Zóphóníasson,  
form.

Hannibal Valdimarsson,  
fundaskr., frsm.  
Lárus Jóhannesson.

Gísli Jónsson.